


DYNAPAC

CA 602

VALTARINN Í NOTKUN

O602IS1



DYNAPAC

Metso Dynapac AB

Box 504, SE-371 23 Karlskrona, Sweden

Telephone +46 455 30 60 00

Telefax +46 455 30 60 30

Web www.dynapac.com


DYNAPAC

Titringsvaltarar CA 602

Valtarinn í notkun O602IS1, Júní 2002

Díselvél:
CA 602: Cummins QSB 5.9-C

Leiðarvísirinn á við frá og með:
CA 602 PIN (S/N) *71420603*



Dynapac CA 602 fæst í tveimur gerðum, D (með sléttri tromlu) og PD (með þófatromlu) en CA 602D er ætlaður til að valta sprengt grjót. PD-gerðirnar henta best á samloðandi efni og veðraða möl.

Hægt er að valta allar gerðir af burðarlögum og styrktarlögum og skipta á milli tromla, bæði úr P, D í PD og öfugt. Þannig eykst fjölbæfni búnaðarins enn frekar.

Öðrum búnaði er lýst í sérstökum leiðbeiningaritum, svo sem möturum, ökuritum og CCS/RA vinnutölvu og svo framvegis.

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Öryggisfyrirmæli (lestu líka Öryggishandbókina)	3
Öryggi við akstur	4
Öryggi (Aukabúnaður)	5
Öryggismerki, staðsetning/lýsing	6, 7
Merkiplötur val tara og vélar	8
Mælar og stjórn tæki	9
Mælar og stjórn tæki, hlutverk hvers og eins	10-13
Stýribúnaður í stýrishúsi	14
Stýribúnaður í stýrishúsi, Lýsing á notkun	15
Áður en vélin er gangsett	16-18
Gangsetning	19
Valtarinn í notkun	20
Akstur/Titringur	21
Hemlun	22
Valtarinn kyrrstæður	23
Að lyfta valtaranum	24
Að draga valtarann	25, 26
Valtarinn í drætti	27
Valtarinn fluttur	27
Notkun valtarans – aðalatriði	28

VIÐVÖRUNARTÁKN



Öryggisfyrirmæli – varnir gegn slysum á fólki.



Sérstök aðgát – skemmdir á tækinu eða hluta þess.

ÖRYGGISHANDBÓK



Allir valtarastjórar þurfa að lesa öryggishandbókina sem valtaranum fylgir. Fylgdu alltaf öryggisfyrirmælum og fjarlægðu bókina ekki úr valtaranum.

ALMENNT

Í þessum leiðarvísi er sagt til um hvernig fara á með valtarann í akstri og notkun. Um viðhald og umhirðu sjá handbókina „VIÐHALD, CA 602”.



Þegar vélin er ræst og þangað til hún er orðin heit er glussinn líka kaldur, og þá bremsar valtarinn ekki eins vel og með heitu vökvakerfi.


ÖRYGGISFYRIRMÆLI (Lestu líka Öryggishandbókina)



1. Áður en valtarinn er settur í gang þarf stjórnandi hans að hafa kynnt sér vel handbókina um notkun valtarans.
2. Gakktu úr skugga um að öllum fyrirmælum hafi verið fylgt sem gefin eru í HANDBÓKINNI UM VIÐHALD VALTARANS.
3. Sá einn má stjórna valtaranum sem hefur til þess reynslu og/eða þjálfun. Hafðu aldrei farþega með þér á valtaranum. Sestu í öðrumannssætið hvenær sem þú hreyfir valtarann.
4. Notaðu aldrei valtarann þegar þörf er að stilla hann eða laga.
5. Farðu aldrei upp í valtarann né af honum nema hann standi kyrr. Notaðu tiltæk grip og handrið. Þegar ökumaður fer upp í lyftarann eða af honum aftur er ráðlegt að færa ekki nema aðra hönd eða annan fót í einu, svo að líkaminn styðjist aldrei við færri en þrjá fasta punkta.
6. Veltigrind (ROPS=Roll Over Protective Structures) á alltaf að nota þegar valtarinn er notaður á ótryggu undirlagi.
7. Keyrðu hægt í kröppum beygjum.
8. Forðastu að keyra á ská í brekkur, farðu beint upp eða beint niður.
9. Vertu viss um að a.m.k. 2/3 af breidd tromlunnar séu uppi á völtuðum fleti þegar þú ekur nálægt brúnum eða holum.
10. Athugaðu að valtarinn stefni ekki á neinar hindranir, hvorki á jörðunni né ofan við hana.
11. Gættu sérstakrar varúðar þar sem ójafnt er undir.
12. Notaðu tiltækan öryggisbúnað. Á valtura með veltigrind á alltaf að nota öryggisbelti.
13. Haltu valtaranum hreinum. Óhreinindi og feiti á tafarlaust að hreinsa af stjórnþalli. Öllum merkjum og áletrunum á að halda hreinum og vel læsilegum.
14. Öryggisráðstafanir áður en tekið er eldsneyti:
 - Drepa á vélinni.
 - Ekki reykja.
 - Opinn eldur má hvergi vera nálægur.
 - Láttu áfyllingarstútinna ná jarðsambandi við olútankinn svo að ekki hrökkvi neistar á milli.
15. Þegar vinna skal að viðhaldi eða viðgerðum:
 - Settu skorður við tromlur og hjól og undir ýtublað.
 - Læstu beygjuliðnum ef þörf krefur.
16. Ef hávaðastig er hærra en 85 db(A) er mælt með að nota heyrnarhlífar. Hávaðinn getur farið eftir því hvers konar undirlagi valtarinn er notaður á.
17. Breyttu engu á valtaranum sem getur skert öryggi hans. Til allra breytinga þarf að fá skriflegt samþykki frá Dynapac.
18. Notaðu ekki valtarann fyrr en glussaolían hefur náð eðlilegum vinnuhita. Stöðvunarvegalengdin við hemlun getur lengst þegar olían er köld. Athugaðu leiðbeiningar um gangsetningu í HANDBÓKINNI UM NOTKUN VALTARANS.

ÖRYGGI VIÐ AKSTUR

Að valta kanta




Mynd 1 Afstaða tromlunnar við völtun á kanti

Þegar valtað er við kanta verða a.m.k. 2/3 af breidd tromlunnar að vera uppi á fleti sem hefur fullt burðarþol.



Mundu að þyngdarpunktur valtarans færist út á við þegar hann beygir, færist til hægri þegar beygt er til vinstri og öfugt.

Hliðarhalli



Mynd 2 Valtarinn í hliðarhalla



Alltaf er mælt með veltigrind þegar valtarinn er notaður í hliðarhalla eða á ótraustu undirlagi.



Forðastu ef hægt er að fara með valtarann í hliðarhalla. Valtaðu frekar í brekkum með því að fara beint upp og niður.


Þessi veltimörk miðast við prófun með kyrrstæðan valtara á hörðu og jöfnu undirlagi. Hann er ekki í beygju, slökkt á titringi og með alla tanka fulla. Hafðu í huga að valtarinn getur oltið í minni halla en hér er gefinn upp ef undirlagið er laust, titringurinn á, valtarinn í beygju eða á ferð eða þyngdarpunkturinn hærra (vegna aukabúnaðar).



Sem neyðarútgang úr stýrishúsi skaltu losa hamar sem geymdur er á uppstöðunni hægra megin að aftan og brjóta afturrúðuna.

ÖRYGGI (AUKABÚNAÐUR)

Loftkæling



Mynd 3 Loftkæling



Í kerfinu er kælimiðill undir þrýstingi. Bannað er að sleppa kælimiðlum út í andrúmsloftið. Einungis viðurkennd verkstæði mega annast viðgerðir á kælírásinni.





Á kælikerfinu er þrýstingur. Röng meðhöndlun getur leitt til alvarlegra slysa á fólki. Slöngutengingu má ekki losa.



Bæta skal viðurkenndum frostlegi á kerfið eftir þörfum.

ÖRYGGISMERKI, STAÐSETNING/LÝSING




ÖRYGGISMERKI, STAÐSETNING/LÝSING



Hætta á að klemmast við stýrislið/beygjutromlu. Haltu þig í hæfilegri fjarlægð frá hættusvæðinu.




Hvatning til valtarastjórans að lesa öryggishandbók valtarans ásamt handbókunum um viðhald og notkun áður en farið er að nota tækið.




Þrýstingur í slöngu




Viðvörðun um vélarhluti sem snúast. Haltu höndunum í öruggri fjarlægð frá hættusvæðinu.



Stýrislið á að vera læst þegar híft er. Lestu leiðbeiningarnar.




Eldsneyti (díselolía)



Varar við brennheitum flötum í vélarhúsi. Þær má ekki snerta.




Eitrað gas. Lestu leiðbeiningarnar.




Festipunktur fyrir hífingur



Ballastat däck. Läs instruktionsboken.




Merkiskilti




NEYÐARÚTGANGUR



Festipunktur



Hólf fyrir handbækur




Lykill að rafgeymi



MERKIPLÖTUR VALTARA OG VÉLAR

Merkiplata valtarans




Mynd 4 Vinstra fótstig
1. Merkiplata valtarans

Vélarplatan (1) er fest vinstra megin á grindina við stýrisbúnaðinn. Á plötunni er að finna nafn og heimilisfang framleiðanda, gerð tækis, PIN-númer búnaðarins (raðnúmer), vinnuþyngd, afl vélar og framleiðsluár (sé tækið selt utan ESB er ekki greint frá framleiðsluári). Þegar pantaðir eru varahlutir skaltu gefa upp PIN-númer valtarans.



Verksmiðjunúmer á grind




Mynd 5 Grind við framtromlu
1. Verksmiðjunúmer

Raðnúmer tækisins (1) er grafið á hægri jaðar fremri grindarbjálka.

Gerðarplata vélar (1) er fest á hægri hlið vélar. Á plötuna er skráð gerð vélarinnar, verksmiðjunúmer og nánari upplýsingar. Þegar pantaðir eru varahlutir skaltu gefa upp verksmiðjunúmer vélarinnar. Sjá jafnframt handbók með díselvélinni.

Merkiplata vélarinnar



Mynd 6 Vél
1. Gerðarplötur
2. EPA-plata (Bandar.)


IMPORTANT ENGINE INFORMATION
This engine conforms to YYYY U.S. EPA and California Tier 2 regulations for heavy duty non-road compression ignition diesel cycle engines as applicable.

THIS ENGINE IS CERTIFIED TO OPERATE ON DIESEL FUEL

3939196

Cummins Engine Company, Inc. Columbus, Indiana 47202-3005	CID/L		CPL		Engine Serial No.	
	Family				Cust. Spec.	
	#				Engine Model	
	Valve lash		Inch	Int.	Exh.	Timing-TDC
cold		MM	Int.	Exh.	Fuel rate at rated HP	
Date of MFG.		Firing Order		FR		
Made in Great Britain.		Rated HP/kW		at	RPM	

MÆLAR OG STJÓRNTÆKI



Mynd 7 Ökumannssæti

- | | | |
|--|---|---------------------------------------|
| 1. Ræsihnappur | 15. Eldsneytismælir | 29. Viðvörunarljós glussaolíusíu |
| 2. Snúnings/tíðnistillir ☐ | 16. Forhitun, díselvél | 30. Viðvörunarlampi loftsíu |
| 3. Vinnuljós ☐ | 17. Viðhaldsljós | 31. Viðvörunarljós hleðsla |
| 4. Vinnuvélaljós með snúningsgeisla ☐ | 18. Villuboðaljós | 32. Viðvörunarljós hiti á glussaolíu |
| 5. Stefnuljósarofi ☐ | 19. Greining "Á" | 33. Viðvörunarljós vélarhiti |
| 6. Viðvörunarljós (blikkandi) ☐ | 20. Blaðað í villuboðakóðum | 34. Viðvörunarljós eldneytismagn |
| 7. Háuljósarofi ☐ | 21. Hraðamælir (ef matari er í stöðu 14) ☐ | 35. Hraðastillir, tromla |
| 8. Stöðu/lágu ljósa rofi ☐ | 22. Villuboðaljós | 36. Hraðastillir, afturöxull |
| 9. Spólvörn, villuboð ☐ | 23. Snúningshraðalykill | 37. Vara/Stöðuhemilshnappur |
| 10. Voltmælir ☐ | 24. Sveifluvíddarstillir Lág/0/Hátt | 38. Titringur Á/Af |
| 11. Hiti á glussaolíu ☐ | 25. CMV veljari ☐ | 39. Fram-/aftur á bak gír |
| 12. Hiti vélar ☐ | 26. Tímateljari | 40. Flauta |
| 13. Vélar snúningshraði/Titringstíðni ☐ | 27. Viðvörunarljós fyrir bremsur | 41. Spólvörn ☐ |
| 14. Matari/hraðamælir (sjá stöðu 21) ☐ | 28. Viðvörunarljós fyrir vélarolíuþrýsting | |

☐ = Aukabúnaður

MÆLAR OG STJÓRNTÆKI, HLUTVERK HVERS OG EINS

Nr. á mynd. 7	Heiti	Tákn	Verkun
1	Startararofi		Í stöðu  er straumur tekinn af valtaranum. Í stöðu  er straumur á öllum mælum og raftengdum stjórnækjum. Í stöðu  fer startmótorinn í gang.
2	Vélarsnúningshraði/Tíðnistillir (Aukabúnaður)		Í stöðunni  sýnir mælir 13 snúningshraði díselvélarinnar. Í hægri stöðu sýnir mælir 13 titringstíðnina. (Vinstri staða er án virkni.)
3	Vinnuljós aftan, rofi (Aukabúnaður)		Sé snúið til hægri kviknar á ljósunum.
4	Vinnuvélaljós með snúningsgeisla, rofi (Aukabúnaður)		Sé snúið til hægri fer snúningsgeislinn í gang.
5	Stefnuljósarofi		Sé rofanum snúið til vinstri blikkar vinstra stefnuljós o.s.frv. Í miðstöðu eru blikkljós óvirk.
6	Blikkandi viðvörunarljós, rofi (Aukabúnaður)		Sé rofanum snúið til hægri blikka viðvörunarljós.
7	Háu/lágu ljósin, rafmagnsrofi með viðvörunarljósi (Aukabúnaður)		Í hægri stöðu lýsa háu ljósin ásamt rafmagnsrofanum. Í vinstri stöðu lýsa lágu ljósin.
8	Akstursljós, rafmagnsrofi (Aukabúnaður)		Sé rofanum snúið til hægri kviknar í fyrri stöðu á stöðuljósum en á þeirri síðari á lágu ljósunum.
9	Viðvörunarljós, röng spólvörn (Aukabúnaður)		Ef ljósið lýsir virkar glussadrifkerfið ekki eins og til er ætlast, leitaðu að biluninni.
10	Voltmælir, (Aukabúnaður)		Sýnir spennu rafkerfisins. Er við eðlilegar aðstæður á bilinu 12–15 volt.
11	Hitamælir á glussaolíu (Aukabúnaður)		Sýnir hitastig glussaolíunnar. Eðlilegur hiti á bilinu 65°–80°C. Stöðvaðu díselvélina ef mælirinn sýnir hærri tölu en 85°C. Leitaðu að biluninni.

MÆLAR OG STJÓRNTÆKI, HLUTVERK HVERS OG EINS

Nr. á mynd. 7	Heiti	Tákn	Verkun
12	Hitamælir vél (Aukabúnaður)		Sýnir hitastig vélarinnar. Eðlilegur hiti er um það bil 90°C. Stöðvaðu díselvélinu ef mælirinn sýnir hærri tölu en 103°C. Leitaðu að biluninni.
13	Vélarsnúningshraði/Tíðnimælir (Aukabúnaður).		Innri tölurnar sýna raunverulegan snúningshraða vélar. Ytri tölurnar sýna titringstíðnina.
14	Matari (Aukabúnaður)		Sjá sérstakar leiðbeiningar
15	Eldsneytismælir		Sýnir innihald eldsneytistanks.
16	Forhitun díselvélar	Grænt 	Lýsir ef forhitunarstigið er ekki rétt.
17	Viðvörðunarljós um þjónustu	Hvítt 	Ef ljósið logar í nokkrar sekúndur er kominn tími til að fara í 250 tíma þjónustuskoðun.
18	Viðvörðunarljós um bilun Ekki alvarleg bilun	Gult 	Gefur til kynna bilun og sýnir bilanakóða ásamt tölunni 19. Sjá bilanakóða í kafla X í handbók vélar.
19	Greining "Á"	—	Kannar bilanakóða ásamt ljósi 18 og 20.
20	Blaðað í villuboðakóðum	— +	Snúið til hægri, skref fram. Snúið til vinstri, skref aftur á bak.
21	Hraðamælir (Aukabúnaður)		Ytri tölur sýna hraða valtarans í km/klst. Innri tölur sýna hraða valtarans í m/klst.
22	Viðvörðunarljós um bilun Alvarleg bilun	Rautt 	Stöðva vélina.
23	Snúningshraðastillir fyrir díselvél		900 = Snúningshraði í lausagangi 1500 = Snúningshraði við lestun/losun 2200 = Vinnu -og flutningssnúningshraði
24	Sveifluvíddarstillir		Í vinstri stillingu er stillt á lága sveifluvídd. Í hægri stillingu er stillt á háa sveifluvídd. Í stöðu  er slökkt á titringnum.


MÆLAR OG STJÓRNTÆKI, HLUTVERK HVERS OG EINS

Nr. á mynd. 7	Heiti	Tákn	Verkun
25	CMV stillir (Aukabúnaður)	—	Staða 150 þýðir mælingu á ytri talnaröð. Staða 50 þýðir mælingu á innri talnaröð.
26	Tímateljari	—	Gangtími díselvélar er sýndur í klukkustundum.
27	Viðvörðunarljós fyrir bremsur		Ljósið logar þegar handfang fyrir handbremsu eða hjálparbremsu er niðri og valtarinn í bremsu.
28	Aðvörðunarljós f. olíuþrýsting		Ljósið logar ef olíuþrýstingur er of lágur í díselvélinni. Dreptu strax á vélinni og finndu hvað er að.
29	Aðvörðunarljós f. glussasíu		Ef ljósið kviknar þegar díselvélin gengur á fullu, þarf að skipta um glussasíu.
30	Aðvörðunarljós f. loftsíu		Ef ljósið kviknar þegar díselvélin gengur á fullu, þarf að hreinsa loftsíuna eða skipta um hana.
31	Viðvörðunarljós fyrir geymishleðslu		Ef ljósið kviknar þegar díselvélin er í gangi, hleður rafallinn ekki. Dreptu á vélinni og finndu hvað er að.
32	Aðvörðunarljós f. hita á glussa		Ef ljósið kviknar er glussinn of heitur. Keyrðu þá ekki valtarann, láttu vélina ganga í lausagangi meðan glussinn er að kólna og finndu hvað er að.
33	Viðvörðunarljós, hiti vélar		Ef ljósið logar er vélin of heit, stöðvaðu þá vélina strax og leitaðu uppi bilunina. Sjá jafnframt handbók með díselvélinni.
34	Viðvörðunarljós, lág staða á eldsneytistanki		Þegar ljósið kviknar er aðeins eftir eldsneyti í stuttan tíma. Fylltu á sem allra fyrst.
35	Hraðastillir, tromla (Aukabúnaður)		Flutningshraði (hár) Vinnuhraði (lágur)
36	Hraðastillir, afturöxull		Flutningshraði (hár) Vinnuhraði (lágur)
37	Hjálparbremsa/handbremsa	 STOP	Sé hnappurinn niðri verður hjálparbremsan virk. Sé valtarinn þá kyrrstæður er hann í handbremsu. Sé hnappurinn útdreginn eru þessar bremsur ekki á.


MÆLAR OG STJÓRNTÆKI, HLUTVERK HVERS OG EINS

Nr. á mynd. 7	Heiti	Tákn	Verkun
38	Vibration Till/Från, strömbrytare		Då strömbrytaren trycks in och släppes kopplas vibrationerna in, ytterligare en tryckning och vibrationerna kopplas ur. Ovanstående gäller enbart när amplitudväljaren (24) är i läge Hög eller Låg.
39	Gírstöng		Þegar vélin er ræst á gírstöngin að vera í hlutlausri stöðu, annars er ekki hægt að starta. Stöngin stýrir bæði stefnu valtarans og hraða. Skipt er í áfram með stöngina fram, aftur á bak með hana til baka. Hraðinn fer eftir því hve langt hún er færð frá hlutlausri stöðu. Því lengra fram eða aftur, því hraðar fer valtarinn.
40	Rofi fyrir flautu		Ýtt inn til að flauta.
41	Spólvörn (Aukabúnaður)		Sé rofa snúið til vinstri virkar spólvörnin fram á við. Sé rofi í miðstöðu virkar spólvörnin aftur á bak. Stílltu rofa á hægri stöðu við flutningsakstur.


STÝRIBÚNAÐUR Í STÝRISHÚSI




Mynd 8a Stýrishúspak, að framan




Mynd 8b Stýrishús, hægri hlið



Mynd 8c Stýrishús, hægri hlið (með aukabúnaði AC)



Mynd 8d Stýrishús, að aftan




Mynd 8e Stýrishúspak, að aftan

STÝRIBÚNAÐUR Í STÝRISHÚSI, LÝSING Á NOTKUN

Nr. á mynd. 8	Heiti	Tákn	Verkun
1	Rofi f. framrúðupurrku		Ýtt inn og þurrka á framrúðu fer í gang.
2	Rofi f. afturrúðupurrku		Ýtt inn og þurrka á afturrúðu fer í gang.
3	Rof f. rúðusprauta á fram- og afturrúðu		Að ýta efst á takkann stýrir sprautun á framrúðu. Að ýta neðst á takkann stýrir sprautun á afturrúðu.
4	Öryggjadós (stýrishús)		Hér eru öryggi fyrir rafkerfið. Sjá undir fyrirsögninni "Rafkerfi" í viðhaldshandbók þar sem lýst er virkni hina ýmsu öryggja.
5	Hitastillir		Í hægri stöðu fæst hámarkshiti. Í vinstri stöðu er skrúfað fyrir hitann.
6	Rofi f. viftu		Stilling lengst til vinstri slekkur á viftunni. Til hægri eru þrjár stillingar fyrir meiri og meiri blástur.
7	Endurnýting á innilofti, rafmagnsrofi		Í vinstri stöðu er endurnýting á innilofti í hámarki. Í hægri stöðu í lágmarki.
8	Hitagjafi		Að kanna innihitann. Má ekki hylja.
9	Loftræsting, rafmagnsrofi		Ræsir og stöðvar loftræstinguna.
10	Hólf fyrir handbækur		Geymsluhólf fyrir öryggis- og upplýsingahandbækur valtarans.
11	Hamar til að komast út í neyð		Sem neyðarútgang á að losa hamarinn og brjóta rúðu að AFTAN .

ÁÐUR EN VÉLIN ER GANGSETT

Rafkerfið tengt



Mynd 9 Vélarhús
1. Lykill að rafgeymi


Gleymdu ekki að sinna daglegu viðhaldi. Sjá handbókina um viðhald.

Rafgeymislykillinn er í vélarhúsinu. Opnaðu vélarhlífina og snúðu lyklinum (1) í stillinguna Á. Nú er rafkerfið tengt í öllum valtaranum.



Í notkun á vélarhlífina að vera ólæst svo að fljótt sé hægt að rjúfa strauminn ef þörf krefur.

Ökumannssæti – stilling



Mynd 10 Ökumannssæti
1. Læsting – lengdarstilling
2. Handfang – þyngdarstilling
3. Læsting – stýrishalli

Stilltu ökumannssætið þannig að þægilegt sé að sitja og auðvelt að ná til stjórnækja.

Sætið er hægt að stilla á eftirtalinn hátt:


- Lengdarstilling (1)
- Þyngdarstilling (2)

Stýrishallann má stilla með því að losa um læstinguna (3) og læsa svo stýrisstöngina aftur í nýrri stöðu.



Athugaðu alltaf að sætið sé í læstri stöðu áður en farið er af stað.

Stjórnunareining – Stilling (Aukabúnaður)



Mynd 11 Ökumannssæti
1. Læsting – hringnúningur (Aukabúnaður)
2. Læsting – stýrishalli
3. Læsting – lengdarstilling
4. Handfang – stuðningur við bak
5. Handfang – þyngdarstilling

Hægt er að stilla hallann á stýrinu, og sætið má bæði færa til hliðanna og snúa því.

Hægt er að snúa því í hring ef læstinginni (1) er lyft upp.

Hægt er að stilla stýrishallann með því að losa læstinguna (2), læstu stýrisstönginni aftur fastri í nýrri stöðu sinni.

Sætið er hægt að stilla á eftirtalinn hátt:


- Lengdarstilling (3)
- Halli baks (4)
- Þyngdarstilling (5)



Athugaðu alltaf að sætið sé í læstri stöðu áður en farið er af stað.

ÁÐUR EN VÉLIN ER GANGSETT

Sæti ökumanns í stýrishúsi – Stilling



Mynd 12 Ökumannssæti

1. Handfang - lengdarstilling
2. Stýri - hæðarstilling
3. Stýri - halli setu
4. Stýri - halli baks
5. Stýri - halli armbríkur
6. Stýri - stilling á lendastuðningi

Stilltu ökumannssætið þannig að þægilegt sé að sitja og auðvelt að ná til stjórnþækja.


Sætið er hægt að stilla á eftirtalinn hátt:

- Lengdarstilling (1)
- Hæðarstilling (2)
- Halli setu (3)
- Halli baks (4)
- Halli armbríkur (5)
- Stilling á lendastuðningi (6)



Athugaðu alltaf að sætið sé í læstri stöðu áður en farið er af stað.

Mælar og ljós – Eftirlit



Mynd 13 Mælaborð

1. Ræsihnappur
10. Voltmælir (Aukabúnaður)
15. Eldneytismælir
26. Teljari fyrir notkunartíma
27. Hemlajós
28. Smurólíuprýstingsljós
31. Hleðsluljós

Snúðu ræsirofanum (1) í stillingu I, öll viðvörunarljós eiga nú að loga í um 5 sekúndur og suð heyrist.


Kannaðu á meðan hvort viðvörunarljósinn lýsi.

Kannaðu hvort voltmælirinn (10) sýnir a.m.k. 12 volta útslag, kannaðu hvort eldsneytismælirinn (15) sýnir viðbrögð.

Kannaðu hvort viðvörunarljós fyrir hleðslu (31), olíuprýsting (28) og stöðuhemil (27) lýsa.

Teljari notkunartíma (26) skráir fjölda klukkustunda á meðan díselvélin er í gangi.

Handbremsa – athugun



Mynd 14 Stjórnþækki

37. Vara-stöðuhemilshnappur




Kannaðu hvort vara-/stöðuhemilshnappurinn (37) sé í raun fastur í neðri stöðu. Þegar valtarinn er ræstur í halla getur hann runnið af stað ef hann er ekki í handbremsu.

Ádrepari – interlock (aukabúnaður)

Þá stöðvast díselvélin 7 sekúndum eftir að ökumaður stendur upp úr sætinu. Þetta gerist hvort sem fram / aftur á bak girinn er í hlutlausristöðu eða aksturstöðu. Ef handbremsan er á stöðvast vélin ekki.

ÁÐUR EN VÉLIN ER GANGSETT

Í öikumannssæti



Mynd 15 Öikumannssæti

1. Sætisbelti
2. ROPS-boga
3. Gúmmípúði
4. Hálkuvörn

Ef valtarinn er búinn veltigrind (ROPS-boga) eða stýrishúsi, þá er hann líka með sætisbelti (1) sem þú átt alltaf að nota, sömuleiðis öryggishjál.



Skiptu alltaf um sætisbelti (1) og settu nýtt ef það gamla er orðið slitið eða hefur orðið fyrir miklu átaki.



Athugaðu að gúmmípúðar undir pallinum (3) séu heilir. Séu þeir slitnir kemur það niður á þægindunum.




Sjáðu um að hálkuvörn (4) á stjórnþalli sé í góðu lagi. Skiptu henni út ef viðnámið er orðið lélegt.



Sé valtarinn með stýrishúsi, sjáðu þá um að hurðin sé lokað í akstri.

Útsýni




Mynd 16 Útsýni


Gakktu úr skugga um, áður en akstur hefst, að útsýni sé óhindrað bæði fram og til baka. Allar rúður eiga að vera hreinar og baksýnispeglar stilltir þannig að vel sjáist aftur fyrir.

GANGSETNING

Díselvélin ræst



Mynd 17 Stjórtæki
39. Fram-/aftur á bak gír



Mynd 18 Mælaborð
1. Ræsihnappur
10. Voltmælir (Aukabúnaður)
23. Inngjöf
24. Sveifluvíddarstillir
27. Hemlaljós
28. Smurolíuprýstingsljós
31. Hleðsluljós

Settu fram-/aftur á bak gírinn (39) í hlulausa stöðu. Ekki er hægt að ræsa vélina ef valtarinn er í gír.

Stilltu sveifluvíddarstillinn (24) fyrir lágan/háan titring í núllstöðu (O).

Stilltu inngjöfina (23) á lausagang.

Snúðu ræsihnappinum (1) til hægri í ræsisstöðu og slepptu honum til baka um leið og vélin er farin í gang.



Startaðu ekki lengi í einu. Ef díselvélin fer ekki í gang skaltu heldur bíða fáeinar mínútur.

Láttu vélina hitna í lausagangi í nokkrar mínútur, og lengur ef hitastig er neðan við +10°C.

Kannaðu þegar vélin gengur heit hvort viðvörðunarljós um olíuprýsting (28) og hleðslu (31) séu slökkt og hvort voltmælirinn (10) sýni 13–14 volt. Viðvörðunarljósið fyrir handbremsu (27) á að loga áfram.




Þegar vélin er ræst og þangað til hún er orðin heit er glussinn líka kaldur, og þá bremsar valtarinn ekki eins vel og með heitu vökvakerfi.




Sjáðu um að loftræsting sé góð (útsog) ef díselvélin er látin ganga innanhúss. Hætta á kolsýringseitrun.

VALTARINN Í NOTKUN


Að stjórna valtaranum



Mynd 19 Mælaborð
13. Snúningsmælir (Aukabúnaður)
23. Inngjöf



Mynd 20 Stjórnþæki
35. Hraðastillir, tromla (Aukabúnaður)
36. Hraðastillir, afturöxull
37. Vara-/stöðuhemilshnappur
39. Fram-/aftur á bak gír



Mynd 21 Mælaborð
11. Glussaolíuhiti (Aukabúnaður)
12. Vélarhiti (Aukabúnaður)
30. Viðvörunarlampi loftsfú



Aldrei má koma fyrir að maður á jörðu niðri stýri valtaranum. Valtarann má ekki hreyfa nema með stjórnanda í öikumannssæti.

Stilltu snúningshraðahnappinn (23) í stöðuna 2200 rpm.

Prófaðu, á kyrrstæðum valtaranum, að snúa stýrinu bæði til hægri og vinstri til að athuga að beygjurnar verki.



Athugaðu að ekki sé hindrun á vinnusvæðinu fyrir framan eða aftan valtarann.



Dragðu nú upp hjálparbremsu/handbremsuhnappinn (37) og athugaðu að viðvörunarljósið fyrir handbremsu hafi sloknað. Vertu við því búinn að þá fari valtarinn að renna ef hann standur í brekku.

Stilltu hraðastillinn (35) og (36), hátt eða lágt, í þá stöðu sem þú vilt, sjá límmiða í mælaborði.

Hámarks hraðamörk

Tromla lágt drif/Afturöxull lágt drif = 4,2 km/klst.

Tromla lágt drif/Afturöxull hátt drif = 6,1 km/h.

Tromla lágt drif/Afturöxull lágt drif = 6,3 km/h.

Tromla hátt drif /Afturöxull hátt drif = 12 km/h.



Hástillingu má einungis nota við flutningsakstur á sléttu undirlagi.

Færðu gírstöngina (39) varlega fram eða aftur eftir því hvort þú ætlar áfram eða að bakka. Ökuhraðinn verður því meiri sem stöngin er færð lengra frá hlutlausu.



Hraðanum á alltaf að breyta með gírstönginni, ekki með því að herða og hægja á vélinni.



Athugaðu hvort hjálparbremsan verkar með því að ýta létt á hjálparbremsu/handbremsuhnappinn (37) með valtarann á hægri ferð áfram.


Gakktu öðru hverju úr skugga um í akstri að ekki logi á neinum ljósum en ef það kviknar á olíuþrýstingsljósinu skaltu stöðva bæði valtara og vél umsvifalaust. Kannaðu hvað er að og gríptu til viðeigandi ráðstafana, sjá einnig handbók um viðhald og handbók vélar.



Ef viðvörunarljós vegna loftsfú (11) kviknar við akstur (þegar díselvélin gengur á fullum snúningshraða) ber að hreinsa aðalsú eða skipta um hana, sjá handbók um viðhald.

AKSTUR/TITRINGUR

Lág/há sveifluvídd – Stilling




Mynd 22 Mælaborð
24. Sveifluvíddarstillir Lág/0/Hátt

Hægt er að stilla titring á tromlu á tvennan veg með því að nota rofann (24). Sé stillt til vinstri fæst fínri titringur með mikilli tíðni.



Aldrei má skipta um sveifluvídd á meðan titringur er í gangi. Slökktu fyrst á titringnum og bíddu þar til hann er hættur áður en skipt er um sveifluvídd.

Titringur – Settur á



Mynd 23 Stjórtæki
38. Rafmagnsrofi fyrir titring Á/Af


Titringur er settur á eða tekinn af með straumstilli (38) ofan á fram-/aftur á bak gír. Slökktu alltaf á titringnum áður en valtarinn stansar til fulls.



Aldrei má hafa titring á kyrrstæðum veltara, bæði undirlag og tæki gætu skemmst.

AKSTUR Á ERFIÐU UNDIRLAGI

Tromludrif



Mynd 24 Stjórtæki
35. Hraðastillir, tromla
36. Hraðastillir, afturöxull

Ef vélin festist og hún er búin tveggja hraða tromludrifi skal stillt á drif sem hér segir.


Ef tromlan spólar, stilltu þá tromludrifið á háa drifið og afturöxul á lága drifið.

Ef afturdekk spóla stilltu þá tromludrifið á lága drifið og afturöxul á háa drifið.

Þegar vélin hefur náð gripi á ný skaltu stilla á upprunalega stöðu.

HEMLUN

Hjálparbremsan



Mynd 25 Stjórtæki
37. Vara-/stöðuhemilshnappur
39. Fram-/aftur stjórtæki

Að jafnaði er bremsað með gírstönginni. Vökvadrifið hægir á valtaranum þegar gírstöngin er færð (nær hlutlausri stöðu) í hlutlausa stöðu.


Auk þess er í hvoru tromludrifi fjöldiskabremsa sem bæði nýtist sem hjálparbremsa til að stöðva valtarann og sem handbremsa (stöðuhemill) þegar hann er kyrrstæður.



Bremsaðu með því að þrýsta niður hjálparbremsu/handbremsuhnappinum (37), haltu fast í stýrið og vertu viðbúinn að snarstansa.

Þegar búið er að bremsa skaltu færa gírstöngina í hlutlausa stöðu og toga upp hjálparbremsu/handbremsuhnappinn.

Venjuleg hemlun



Mynd 26 Stjórtæki
37. Vara-/stöðuhemilshnappur
38. Rafmagnsrofi fyrir titring Á/Af
39. Fram-/aftur á bak gír

Slökktu á titringnum með því að þrýsta á straumrofann (38).

Stöðvaðu valtarann með því að setja fram-/aftur á bak gírstöngina (39) í hlutlausan gír.




Þrýstu alltaf á vara-/stöðuhemilshnappinn (37), líka við stuttan stans á hallandi undirlagi.

Færðu inngjöfina til baka í lausagangsstöðu og láttu vélin ganga þannig nokkrar mínútur til að kólna.



Þegar vélin er ræst og meðan ekið er með kalda vél, er glussinn líka kaldur, og þá bremsar valtarinn ekki eins vel og þegar vökvakerfið hefur náð að hitna.

Drepið á valtaranum




Mynd 27 Mælaborð
1. Ræsihnappur
26–34. Mælaborð fyrir viðvörunarljós

Líttu á mæla og viðvörunarljós ef eitthvað virðist ekki í lagi, slökktu á ljósum og öðrum rafdrifnum búnaði.

Snúðu startararofanum (1) í stöðu **O**. Lokaðu mælaborðinu (ef valtarinn er ekki með stýrishús) og læstu hlífinni.

VALTARINN KYRRSTÆÐUR

Að skorða tromlu



Mynd 28 Uppsetning
1. Skorður



Farðu aldrei frá valtaranum með vélina í gangi öðru vísi en að ýta inn hjálparbremsu/handbremsuhnappnum.




Vertu viss um að valtarinn standi ekki þar sem umferðarhætta stafar af. Settu skorður við tromlu og hjól ef valtaranum er lagt í halla.



Hafðu í huga að hætta er á frosti að vetrarlagi. Settu frostlög á kælikerfi díselvélarinnar og rúðuvökva í geymi í stýrishúsi. Sjá einnig leiðbeiningar um viðhald.

Lykill að rafgeymi




Mynd 29 Traktorgrind, vinstra megin að aftan
1. Lykill að rafgeymi

Þegar vinnu er lokið á að aftengja rafgeyminn og taka lykilinn úr.

Þá er ekki hætt við að geymirinn afhlaðist, og óviðkomandi geta síður komið valtaranum í gang. Læstu líka vélarhlífinni.

AÐ LYFTA VALTARANUM

Að læsa stýrislið



Mynd 30 Stýrisliður læstur

1. Festiarmur
2. Splitti
3. Lástappi
4. Festiauga



Áður en valtaranum er lyft verður að læsa stýrisliðnum svo að hann hrökkvi ekki í beygju.


Snúðu stýrinu þangað til valtarinn er ekki í beygju. Ýttu niður hjálparbremsu/handbremsuhnaðnum.

Dragðu neðra vírasplittið (2) út úr lásnum og lyftu upp lásnaglanum (3).

Brettu út lásarminn (1) og settu hann yfir læsieyrað (4) á stýrislið.

Settu lásnaglan (3) í holuna í gegnum lásarminn (1) og læsieyrað (4), festu svo naglan í réttri stöðu með lássplittinu (2).

Valtarinn hífður



Mynd 31 Valtarinn búinn til hífingar

1. Merkiskilti



Hámarksþyngd valtarans má sjá á merkiskiltinu (1). Sjá einnig tæknilegar upplýsingar í handbókinni um viðhald.




Hífibúnaður, svo sem keðjur, vírar, stroffur og krókar, þurfa að vera af þeirri stærð eða gildleika sem samræmist gildandi reglum.



Gakktu aldrei undir það sem verið er að hífa! Sjáðu um að hífikrókar séu stöðugir í festingum sínum.

Að taka stýrislið úr lás



Mynd 32 Stýrisliður ólæstur

1. Festiarmur
2. Splitti
3. Lástappi
4. Festiauga




Gleymdu ekki að taka lásinn af stýrisliðnum áður en valtarinn er notaður aftur.

Leggðu lásarminn (1) til baka og festu hann í læsieyrað (4) með lásnaglanum (3). Settu neðra vírasplittið (2) í til að festa lásnaglan (3). Læsieyrað (4) er á traktorgrindinni.

AÐ DRAGA VALTARANN

Aðferð 1

Þegar stutt er að fara og díselvélin virk



Mynd 33 Glussaðæla

- 1. Dráttarloki
- 2. Læsiró

Með neðangreindum tveim aðferðum má draga valtarann allt að 300 metra.



Ýttu niður hjálparbremsu/handbremsuhnappnum og dreptu á díselvélinni í bili. Settu skorður við tromlurnar svo að valtarinn geti ekki runnið.


Skrúfaðu báða dráttarlokana (1) (sexkantstróin í miðið) þrjá snúinga til vinstri, haltu við með fjöllokanum (2) (neðsta sexkantstróin). Lokarnir eru á efri hlið glussadælu fyrir tromludrifið.

Ræstu nú vélina og hafðu hana í lausagangi.

Þá er hægt að draga valtarann og um leið stýra honum ef stýrisbúnaður er í lagi.

Aðferð 2

Þegar stutt er að fara en díselvélin óvirk



Mynd 34 Afturöxull

- 3. Læsiró
- 4. Stilliskrúfa



Settu skorður við tromlurnar svo að valtarinn renni ekki. Hann getur farið af stað þegar bremsurnar eru teknar af með skrufunum.


Byrjaðu á að losa dráttarlokana tvo eins og í aðferð 1 sem fyrr var lýst.

Hemlar á afturöxli

Losaðu læsiskrúfuna (3) og skrúfaðu stilliskrúfurnar (4) með handafli þar til mótstaðan eykst, skrúfaðu þá einn hring til viðbótar. Stilliskrúfurnar eru á afturöxli, tvær skrúfur hvoru megin við mismunadrifshúsið.

AÐ DRAGA VALTARANN

Tromluskiptihemlar



Mynd 35 Tromluhemlar
5. Skrúfa


Tromluhemlarnir eru losaðir með því að herða skrúfurnar tvær (5) þar til að þær komast ekki lengra.

Þegar verið er að skrúfa skrúfurnar tvær inn, skiptu þá á milli þeirra svo ekki myndist neinn halli.

Nú hefur verið losað um hemlana og hægt er að draga valtarann.




Að drætti loknum má ekki gleyma að stilla dráttarlokana (1) á ný. Skrúfaðu stilliskrúfuna (4) út í sína upprunalegu stillingu 34 mm frá yfirborðinu og hertu á læsirónum (3). Losaðu skrúfurnar í tromluhemlunum (5).



Mynd 36 Tromluhemlar
5. Skrúfa

VALTARINN Í DRÆTTI

Valtari dreginn



Mynd 37 Dráttur



Í drætti verður að halda við valtarann, en sjálfur hefur hann þá engar bremsur. Notaðu því ávallt dráttarstöng.



Valtarann má aðeins draga á hægri ferð (mest 3 km/klst.) og ekki nema stuttan spöl (mest 300 m).


Þegar valtarinn er dreginn þarf að festa í hífingargötin báðum megin. Togkrafturinn á að stefna langsum á valtarann eins og myndin sýnir.



Færðu í samt lag allt sem gert var samkvæmt aðferð 1 eða 2 á blaðsíðunni á undan.

VALTARINN FLUTTUR

Valtarinn búinn til flutnings



Mynd 38 Valtari fluttur

1. Skorður
2. Klossi
3. Festivírar



Læstu stýrislið áður en valtarinn er hífður eða fluttur. Farðu eftir fyrirmælunum um að lyfta eða flytja valtarann.

Læstu tromlu og hjól með hemilblokk (1) sem fest er í flutningatækinu.

Festu klossa (2) undir grind valtarans til að ekki reyni um of á gúmmípúðana þegar hann er spenntur niður.

Spenntu valtarann fastan með strekknum festingum (3) á öllum fjórum hornum. Skilti sýna hvar á að festa.



Gleymdu ekki að taka lásinn af stýrisliðnum áður en valtarinn er aftur settur í gang.

NOTKUN VALTARANS – AÐALATRÍÐI



1. Farðu eftir ÖRYGGISFYRIRMÆLUM í Öryggishandbókinni.
2. Gakktu úr skugga um að öllum fyrirmælum hafi verið fylgt sem gefin eru í HANDBÓKINNI UM VIÐHALD VALTARANS.
3. Stilltu rafgeymistenginguna í stöðu Á.
4. Stilltu gírstöngina á HLUTLAUST.
5. Stilltu veljarann fyrir handstýrðan/sjálfstýrðan titring í stöðu 0.
6. Stilltu inngjöfina á lausagang.
7. Ræstu vélina og láttu hana ganga til að hitna.
8. Stilltu inngjöfina á vinnuhraða.
9. Stilltu hjálparbremsu/handbremsuhnappinn í efri stöðu.



10. Aktu af stað. Beittu gírstönginni með gát.



11. **Prófaðu bremsurnar.**
Hafðu í huga að stöðvunarvegalengdin eykst þegar valtarinn er kaldur.

12. Hafðu ekki titringinn á nema valtarinn sé á hreyfingu.
13. Athugaðu að tromlurnar fái næga úðun þegar hennar er þörf.



14. **EF HÆTTU BER AÐ HÖNDUM:**
 - Ýttu niður HJÁLPARBREMSU/HANDBREMSUHNAPPNUM.
 - Haltu fast í stýrið.
 - Vertu viðbúinn að snarstansa.

15. Að leggja valtaranum: Ýttu niður hjálparbremsu/handbremsuhnappnum. Dreptu á vélinni og settu skorður við tromlurnar.
16. Að lyfta valtaranum: – Sjá HANDBÓKINA UM NOTKUN VALTARANS.
17. Að draga valtarann: – Sjá HANDBÓKINA UM NOTKUN VALTARANS.
18. Að flytja valtarann: – Sjá HANDBÓKINA UM NOTKUN VALTARANS.
19. Að draga valtarann úr festu: – Sjá HANDBÓKINA UM NOTKUN VALTARANS.

